


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Fél 473	
Síða 1 af 4	Námsáætlun – Haustönn 2015	

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir og Þorsteinn Krüger	Sk.st.	VAL/ÞOK
----------------	---	---------------	---------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um mannréttindi að fornu og nýju. Sagan er rakin í grófum dráttum frá klassískri fornöld til nútímans með áherslu á mannréttindabaráttu síðustu alda. Greint verður frá kenningum John Locke, John Stuart Mill, John Rawls og fl. og áhrif þeirra á mannréttindi og sjálfstæði einstaklinga og þjóða metin.

Mannréttindabaráttan 20. aldar verður skoðuð sérstaklega. Má þar nefna stofnun Sameinuðu þjóðanna og samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar og þá verða mannréttindi sem birtast m.a. í stjórnaskrá okkar skoðuð með tilliti til þeirrar umræðu sem nú á sér stað um mannréttindi og meint brot á þeim gagnvart ýmsum hópum og einstaklingum á Íslandi í dag. Gerð verður grein fyrir alþjóðlegum mannréttindasamningum og sáttmálum sem Ísland á aðild að og ljósi varpað á orðræðu nútímans um mannréttindi og skort á þeim bæði hér á landi og vítt og breitt um heiminn.


Markmið:

Að kynna fyrir nemendum upphaf og þróun lýðræðis í heiminum og fyrstu hugmyndir manna um mannréttindi.

Að nemendinn þekki vel hugtök eins og náttúruréttur, borgararéttur, lýðræði, þegnskylda og samfélagsvitund, upphaf þessara hugmynda og hvernig þær birtast okkur í nútímanum.

Að nemendinn geri sér grein fyrir helstu áföngum í mannréttindabaráttu fyrri alda og hvernig mannréttindi nútímans eiga sér rætur og fyrirmyndir í í fortíðinni.

Að nemandinn þekki vel kenningar John Locke, Montesquie, Hobbes, J.S. Mill ofl. um eðli ríkisvalds, náttúrurétt og einstaklingsfrelsi. Að nemendinn kannist vel við Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og grundvallarmannréttindi í íslensku stjórnarskránni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Fél 473	
Síða 2 af 4	Námsáætlun – Haustönn 2015	

Að nemendinn þekki helstu mannréttindafrömuði síðustu áratuga, baráttu þeirra og áhrif.


Að nemendinn verði vel heima í orðræðu samtímans um mannréttindi og mannréttindabrot vítt og breitt um heiminn.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Engin sérstök námsbók er í þessum áfanga, en nemendur þurfa að lesa sér til í ýmsum bókum sem varða efnið á bókasafni.
Tímarit	Innlend sem erlend tímarit sem fjalla um efnið.
Myndbönd	Myndbönd sem fjalla um mannréttindamál.
Ljósrit (afhent)	Ljósrituð hefti og ýmis önnur gögn sem kennari afhendir.
Annað	Heimildir á veraldarvefnum .

Áætlun um yfirferð:


Vika	Námsefni	Verkefni
34. vika	Námsáætlun afhent.	
35. vika	Kynning á áfanganum. Almennar umræður um mannréttindi og lýðræði. Uppruni lýðræðis og tilgangur. Fyrstu hugmyndir um mannréttindi, stóuspekin, Rómverjar og borgararétturinn.	Mannréttindavaktin. Verkefnið kynnt og vikum deilt niður á nemendur.
36. vika	Um eðli ríkisvalds, Locke, Montesquie, Hobbes, Paine.	Efni vegna nemendakynninga lagt fyrir.
37. vika	Nemendur undirbúa kynningar	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Fél 473	
	Námsáætlun – Haustönn 2015	

38. - 39. vika	Mannréttindayfirlýsingar, Frakkland, stofnun BNA, stjórnarskrár og frelsisbarátta 19. aldar. Nemendur flytja kynningar sínar	
40. - 42. vika	Kenningar um frelsið, J.S. Mill. Mannréttindaskýrsla. Verkefnið kynnt og nem. byrja að vinna það, m.a. með vettvangsheimsóknum.	Ritgerðarefni kynnt.
43. - 44. vika	Sameinuðu þjóðirnar, Mannréttindayfirlýsing S.þ.	Ritgerð skilað mánudaginn 26. okt.
45. vika	Evrópusambandið, Mannréttindadómstóll Evrópu.	
45. - 46. vika	Stjórnarskrá Íslands, mannréttindakaflinn, brot á mannréttindum, ný og gömul dómsmál skoðuð.	Skilaverkefni Mannréttindaskýrslu skilað
47. vika	Mannréttindasáttmálar sem Ísland á aðild að.	
48. - 49. vika	Mannréttindabaráttan einstaklinga og ýmissa samtaka.	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi %
Fyrirlestur	Kynningar á völdu efni, einn til tveir nem. saman. Flutningur fer fram í 39. viku.	10
Ritgerð	Heimildaritgerð, 4 til 6 bls. í meginmál. Skiladagur er mánudagur 26. okt.	20
Skilaverkefni	Uppruni mannréttinda og samanburður á mannréttindatextum.	15
Skýrsla	Vettvangsrannsókn, skýrslu skilað, u.þ.b. 4 til 5 bls. Skiladagur: Föstudagur 13. nóv.	20
Mannréttindavaktin	Nemendur gera grein fyrir fréttum vikunnar um mannréttindamál	15
Facebook	Lestur greina og þátttaka í umræðum	10
Virgni, þátttaka og undirbúningur fyrir tíma	Ath. að skila verkefnum á réttum tíma. Um verkefnaskil: Sjá meðfylgjandi blað.	10

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	Fél 473	
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		
Námsáætlun – Haustönn 2015		

Námstilhögun

Athugið að þetta er símatsáfangi og þar af leiðandi er ekkert lokapróf. Áfanginn byggir á fyrirlestrum nemenda og kennara og mikilli verkefnavinnu innan og utan kennslustunda, því verður að gera kröfu um öguð og sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma.

Glærur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle kennsluvefnum.

Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar, jafnframt með frómum óskum um gott samstarf og gengi.

Valgerður Dögg Jónsdóttir (vala@vma.is)

Þorsteinn Krüger (kruger@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils